

Stórt skarð er höggvið í hóp íslenskra heimspekinga og háskólamanna við fráfall Páls Skúlasonar prófessors og fyrrverandi háskólarektors. Erfitt er að fanga þann mikla missi í orð, svo mikilvert var framlag Páls á svo ótal mörgum sviðum. Persónulega er mér efst í huga þakklæti fyrir að hafa borið gæfu til að kynnast Páli ungur að árum og eignast vináttu hans og tryggð ævilangt.

Þegar ég settist á skólabeck í Háskóla Íslands fyrir tæpum þrjátíu árum til að læra sagnfræði grunaði mig ekki að innan skamms yrði hugur minn gagntekinn af heimspeki þannig að ekki yrði aftur snúið. Hún birtist mér í líki fertugs kennara með hlýja en gripandi rödd og einhverja ólýsanlega áru djúphygli sem fyllti mig forvitni um allt sem hann hafði fram að færa, hvort sem það var í fyrirlestur eða lesefni sem hann hafði sjálfur skrifað. Þetta var í "filunni" svonefndu sem var skyldukúrs fyrir fyrsta árs nemendur, sem langflestir komu úr greinum á borð við sagnfræði, íslensku, bókmenntir, málvísindi og erlend tungumál. Margir þeirra virtust líta á þetta skyldunámskeið í heimspekilegum forspjallsvísindum sem hálfgerða afplánun svo mér fannst ég einkennilega einn á báti með þá reynslu að verða uppnuminn af faginu. Án efa voru það ekki síst persónutöfrar Páls sem heilluðu mig.

Óhjákvæmilega lá leið mín yfir í heimspeki. Naut ég þar áfram kennslu Páls og fleiri frábærra kennara á borð við Mikael Karlsson og Þorstein Gylfason, en þeir þrír höfðu sem ungir menn lagt grunninn að heimspekinámi við HÍ rúmum áratug fyrr. Um það leyti sem ég var að ljúka BA-námi bauð Páll mér vinnu við að aðstoða sig við rannsóknir auk þess að sinna verkefnum hjá nýrri stofnun sem Páll var þá með í bígerð, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Næstu misserin áttum við Páll afar náið samstarf þar sem hann hafði einstakt lag á að láta mér líða eins og við værum jafningjar þótt hann hefði meiri reynslu og vísaði því veginn. Í minningunni fólst samstarf okkar einkum í einlægum samræðum um heimspekileg efni en afurðirnar urðu hinir ýmsu textar sem gefnir voru út á þessum tíma. Fyrir mig reyndist samveran með Páli ómetanlegur undirbúningur undir doktorsnám. Sú afleiðing samverunnar sem ég met þó mest er vináttan og tryggðarböndin sem þarna mynduðust og héldust allt þar til Páll lést svo langt fyrir aldur fram eftir sína hetjulegu baráttu við illvígan og miskunnarlausan sjúkdóm.

Páll var orlagavaldur í lífi mínu á fleiri vegu. Fyrir tilstilli hans tókst ég á hendur verkefni við Háskólann á Akureyri fyrir fimmtán árum sem standa átti í einn vetur. Þetta reyndist mér persónulega mikið gæfuspor og nú er ég löngu rótfastur í bænum fagra sem ól Pál af sér.

Á sorgarstundu minnst ég Páls Skúlasonar umfram allt með þakklæti fyrir þau djúpu og góðu áhrif sem hann hafði á líf mitt sem kennari, mentor, vinur og samverkamaður. Hann lifir áfram í verkum sínum sem kennari, fræðimaður og stjórnandi, en söknuðurinn er sár eftir einstakri persónu. Fjölskyldu Páls votta ég mína innilegustu samúð.

Sigurður Kristinsson.